

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – júní 2025

Skráð atvinnuleysi í júní var 3,4%

Skráð atvinnuleysi í júní var 3,4% og lækkaði úr 3,7% frá maí. Í júní 2024 var atvinnuleysið hins vegar 3,1%.

Að meðaltali voru 7.398 atvinnulausir í júní, 4.292 karlar og 3.106 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra lækkaði um 299 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júní eða 5,6% og lækkaði úr 6,1% frá maí.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,0%.

Alls komu inn 207 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í júní.


Atvinnulausir voru 7.695 í lok júní, 4.400 karlar og 3.295 konur.

Í júní 2025 gaf Vinnumálastofnun út 314 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 264 á höfuðborgarsvæðinu.

Í júní voru 277 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 11 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi verði óbreytt í júlí og verði áfram 3,4%.

Þróun atvinnuleysi frá júní 2023 til júní 2025



Atvinnuástand eftir landshlutum


Atvinnuleysi lækkaði alls staðar á landinu frá maí, mest þó á Vestfjörðum þar sem það fór úr 2,2% í 1,7%. Atvinnuleysi var 2,8% á landsbyggðinni í júní og lækkaði úr 3,2% í maí.

Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra eða 1,0% og 1,4% á Austurlandi.


Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í maí og júní.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í júní.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna á öllu landinu í júní fyrir utan Suðurland, þar sem atvinnuleysi karla var 2,7% en atvinnuleysi kvenna 3,0%. Mestur var munurinn á atvinnuleysinu á höfuðborgarsvæðinu þar sem atvinnuleysi karla var 4,0% en atvinnuleysi kvenna 3,5%.

Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.695 í lok júní, 4.400 karlar og 3.295 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 119 frá maílokum en atvinnulausum konum fækkaði um 71.

Alls voru 1.913 atvinnuleitandur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok júní og fækkaði um 94 frá maí.


Alls höfðu 1.536 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júní. Í júní 2024 var fjöldi þeirra hins vegar 1.176 og nemur fjölgunin 360 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.920 í júní síðastliðnum en voru 1.733 í júní 2024.

Atvinnugreinar


Atvinnulausum fækkaði í flestum atvinnugreinum í júní nema í opinberri þjónustu, fræðsla, heilbrigðis- og félagsþjónustu þar sem fjölgaði um 32. Mest var fækkunin í gistiþjónustu þar sem fækkaði um 52, í verslun og vöruflutningum þar sem fækkaði um 47 og í ýmsum greinum ferðaþjónustu þar sem fækkaði um 43.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.719 sem er um 40% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok júní 2025



Atvinnuleyfi

Atvinnuleyfi


Í júní 2025 gaf Vinnumálastofnun út 314 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 264 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 155 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 159 leyfi voru framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í júní, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 92 leyfi. Þá voru gefin út 76 leyfi vegna fjölskyldusameiningar og 66 vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í júní voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 38%, 26% vegna þjónustustarfa og 16% vegna starfa verkafólks. Um 21% var í öðrum starfsgreinum.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.243 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júní og fækkaði um 180 frá maí. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var 55% í lok júní.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Ný atvinnuleyfi eftir tegund í júní 2025




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í júní voru gefin út 165 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 105 einstaklingar, 15 fóru til Litáen, sjö fóru til Rúmeníu og 6 til Tékklands. Þá voru gefin út 32 vottorð til viðbótar til 14 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, júní 2025




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 207 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júní. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 143 störf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 57% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu, 13% á Suðurnesjum og einnig 10% á Suðurlandi. Þá voru 21% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í júní 2025



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í júní voru 277 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 11 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 178 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.